

35. gr.

Gjaldtaka.

Gjaldtaka vegna kostnaðar við vinnu og eftirlit yfirdýralæknis vegna útgáfu vottorða skv. reglugerð þessari, vegna eftirlits héraðsdýralæknis á innflutningsstað og í einangrunarstöð fer eftir gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

36. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir ákvæðum laga. Hinn brotlegi ber allan kostnað vegna brots og getur honum m.a. verið gert að þola bóttalaust að dýri eða hundasæði sé fargað eða sent úr landi á hans kostnað.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerðinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

37. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 431/2003 um sama efni. Innflutningsleyfi sem veitt hafa verið skv. eldri reglugerð halda gildi sínu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. nóvember 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um bann við veiðum með fiskivörpu á Glettinganesgrunni án smáfiskaskilju.**

1. gr.

Frá og með 25. nóvember 2004 eru veiðar með fiskivörpu á svæði á Glettinganesgrunni því aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 805, 28. október 2003, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 34'00 N – 13° 09'20 V
2. 65° 34'00 N – 12° 51'30 V
3. 65° 31'00 N – 11° 54'40 V
4. 65° 27'90 N – 11° 51'30 V
5. 65° 22'30 N – 13° 05'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. nóvember 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Stefán Ásmundsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002,
um friðunarsvæði við Ísland.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi 8. tl. 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. nóvember 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. nóvember 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Stefán Ásmundsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Steinagerði 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 10. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Steinagerði 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skútuvogur 14-16.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 10. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skútuvog 14-16.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. nóvember 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.